

Mál nr. 169/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Kona steig á frárennslisrör og slasaðist 13.5.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið maí 2016 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 13.6.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

M var á vinnustað sínum og var að fara út með rusl, sem fauk úr höndum hennar eftir að hún kom út. Þegar M fór til að ná í ruslið sem hafði fokið steig hún fram af gangstétt og á rörbút sem skagaði fram undan gangstéttarkantinum og snéri sig illa á hægri ökkla. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og telur frágangi frárennslisrörsins vera ábótavant og falið í sér slysagildru sem fari í bága við sjálfagaðan og eðlilegan frágang á byggingastað og lóð hvað þá skólalóð. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið verði rakið til óhappatilviljunar en ekki sagnæms vanbúnaðar á fasteign. V segir að rörbúturinn sem um ræðir standi um 10 cm út úr kantsteininum þar sem hann myndar horn og hafi þann tilgang að dreina gangstéttina og sé þessi búnaður settur til að koma í veg fyrir að pollar myndist. V segir að þessi frágangur á umræddu drenröri stangist ekki á við neinar reglur. Í umsögn yfirmanns á vinnustað M segir að frágangur R hafi verið til fyrirmyndar og rörið hafi verið hvítt á lit og vel sjáanlegt og geti ekki talist slysagildra enda sett upp til að verjast slysum og hafi gert gönguleiðina trausta og örugga.

Álit.

Ekki er sýnt fram á af hálfu M að frágangi á rörinu sem um ræðir hafi verið ábótavant, um hafi verið að ræða hættulegar aðstæður eða að þær hafi farið gegn fyrirmælum laga eða reglna sem geti átt við hvað varðar hugsanlega bótakröfu M. Ekki er sýnt fram á vanrækslu eða sök R eða aðila sem R ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 1.7.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.